

84

8. des.

## L Ö G

um breyting á lögum nr. 48 25. maí 1949, um hlutatryggingasjóð bátaútsvegsins.

## FORSETI ÍSLANDS

*gjörir kunnugt:* Alþingi hefur fallizt á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

## 1. gr.

Aftan við síðustu málsgr. 10. gr. komi þrjár nýjar málsgr., svo hljóðandi:

Á árinu 1952 er sjóðsstjórninni heimilt, með samþykki ráðherra, að skerða stofnfé síldveiðideildar.

Ríkisstjórninni er heimilt, f. h. ríkissjóðs, að ábyrgjast allt að 4 millj. kr. lán, er stjórn hlutatryggingasjóðs tekur fyrir hönd síldveiðideildar hjá hinni almennu fiskideild, svo og að ákveða, að ríkissjóður greiði vexti af lánnum síldveiðideildar.

Togarar, sem gerðir hafa verið út á síldveiðar sumarið 1952, skulu njóta sömu bóta úr síldveiðideildinni og síldveiðiskip í I. flokki.

## 2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

*Gjört í Reykjavík, 8. desember 1952.*

Ásgeir Ásgeirsson.

(L. S.)

*Ólafur Thors.*

85

12. des.

## AUGLÝSING

um gildistöku alþjóðasamnings um öryggi mannlífa á hafinu.

Hinn 19. nóvember 1952 gekk í gildi alþjóðasamningur um öryggi mannlífa á hafinu (International Convention for the Safety of Life at Sea).

Samningurinn var undirritaður fyrir Íslands hönd í London hinn 10. júní 1948 og fullgildingarskjal Íslands varðandi samninginn afhent á sama stað 19. október 1950 (Stj.tið. A. 89/1950).

Þetta er hér með gert almenningi kunnugt.

*Utanríkisráðuneytið, 12. desember 1952.*

Bjarni Benediktsson.

*Magnús V. Magnússon.*